

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Arctic Smolt ehf. Botni, Tálknafirði



Dags eftirlits	27.8.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Arctic Smolt ehf.	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Sindragata 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	600212 2570	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurvin Hreiðarsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram í eftirlitinu: 1) Ársyfirliti fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað. 2) Útstremisbókhaldi fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað. 3) Tromlusía í húsi 1 er biluð og er því frárænnisvatn ekki hreinsað á fullnægjandi hátt. Þrjár ábendingar voru gerðar: 1) Fara þarf yfir útreikninga á fosfór- og niturlosun stöðvarinnar árið 2023. 2) Endurskoða þarf neyðaráætlun, viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar og vöktunaráætlun rekstraraðila. 3) Gæta þarf að því að efni sem á að fjarlægja við tiltekt, berist ekki út í umhverfið. Tvö frávík voru opin þegar eftirlitið fór fram, annars vegar varðandi árekstravarnir við olúgeyma og hins vegar útlagningu frárænnislagna.

### UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Arctic Smolt, Norður-Botni í Tálknafirði.

Arctic Smolt er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun 10. janúar 2019 og gildir til 10. janúar 2035. Starfsleyfið heimilar framleiðslu á allt að 1.000 tonnum af laxa- og regnbogasilungsseiðum með að hámarki 1.000 tonna lífmassa á hverjum tíma.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir starfsleyfi rekstraraðila og stöðuna frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynningar á fylgiskjölum og áherslum í eftirliti
- Önnur mál
- Skóðunarferð

1. Farið yfir starfsleyfi rekstraraðila og stöðuna frá síðasta eftirliti  
Síun á því vatni sem varð eftir og safnaðist fyrir í eldiskerjum, eftir brunann í eldisstöðinni í febrúar 2023 er lokið. Engar framkvæmdir eru í gangi í húsnæðinu sem brann þar sem uppgjóri eftir brunann er ólokið. Framkvæmdum við frárænnisli frá stöðinni er ekki lokið. Enn á eftir að útbúa brunn sem sameinar frárænnisli allra húsanna og leggja löggn frá honum út í fjörðinn. Frávík vegna þessa kom fram í eftirliti árið 2019 og er það enn opið. Lausir olíutankar hafa verið fjarlægðir og í stað þeirra hefur nýjum varanlegum olúgeymi verið komið fyrir. Árekstravarnir eru við hann og því er frávíkinu sem var opið þegar eftirlitið fór fram, lokað.

Hrogn eru tekin inn í stöðina þrisvar á ári, í febrúar, júní og september. Seiði hafa frá því í vor verið sett út í kvíar á þremur stöðvum Arctic Sea Farm.

2. Eftirlitsmælingar og skráningar

Ársyfirliti fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað.

Grænu bókhaldi fyrir árið 2023 var skilað þann 30. apríl 2024. Útreikningar á losun fosfórs og nitri eru rangir, en ekkert bendir til annars en að losunin hafi verið innan marka starfsleyfis. Rekstraraðila er því bent á að fara yfir útreikningana og tryggja að réttum upplýsingum sé skilað.

Útstremisbókhaldi fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað.

3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um

losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Smávægilegar breytingar urðu á matinu frá síðasta eftirliti.

#### 4. Kynningar á fylgiskjölum og áherslum í eftirliti

Rekstraraðili er með gilda tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda og var skírteini því til staðfestingar sent eftirlitsaðila að eftirlitinu loknu.

Neyðaráætlun og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar voru til staðar en rekstraraðila er bent á að tímabært er að endurskoða þær.

Vöktunaráætlun er einnig til staðar en hana þarf að endurskoða m.t.t. stjórnar vatnamála.

#### 5. Önnur mál

Nýtt starfsleyfi hefur verið í vinnslu síðan í júlí 2022.

#### 6. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila.

Tromlusía í einu eldishúsinu hefur, að sögn rekstraraðila, verið biluð í nokkurn tíma. Fóðurleifar voru sýnilegar í fjörunni við útrás frá því húsi og sóttu fuglar talsvert í þær. Samkvæmt starfsleyfi skal tryggja viðunandi hreinsun frárennslisvatns með settjörn og tromlusíu og er því skráð frávik vegna þessa.

Tiltekt stóð yfir í húsnæði rekstraraðila og stóð til að fjarlægja útrunna efnavöru og önnur efni sem ekki verða notuð. Rekstraraðila er bent á að gæta þess efni berist ekki út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn.

Frárennslisvatn fer í gegnum tromlusíur og er seyrunni sem kemur af þeim dælt í settjarnir/-tanka. Sumarið 2023 var dælt úr settönkunum og efninu úr þeim komið fyrir í tjörn á lóð rekstraraðila. Þegar eftirlitið fór fram var efnið í þeirri tjörn orðið nokkuð þurrt. Einnig var dælt úr tönkum sumarið 2024 og það efni sett í aðra tjörn við hlið hinnar. Efnið í nýrri tjörninni var enn fljótandi þegar eftirlitið fór fram.

#### Frávik frá

#### Lýsing á frávik

Gr. 4.4 í starfsleyfi

Ársyfirliti fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað.

Gr. 4.5 í starfsleyfi

Útstreymisbókhaldi fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað.

Gr. 3.5 í starfsleyfi

Tromlusía í húsi 1 er biluð og er því frárennslisvatn ekki hreinsað á fullnægjandi hátt.



## ÁBENDINGAR

Fara þarf yfir útreikninga á fosfór- og niturlosun stöðvarinnar árið 2023.

Endurskoða þarf neyðaráætlun, viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar og vöktunaráætlun rekstraraðila. Gæta þarf að því að efni sem á að fjarlægja við tiltekt, berist ekki út í umhverfið.


## ANNAD

Rekstraraðili er minntur á að samkvæmt starfsleyfi skal taka sýni úr frárennsli og mæla svifagnir og lífrænt efni, á a.m.k. þriggja ára fresti, næst árið 2025.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 24.09.2024



Freyr Evarsson

